



# Fjárfestakynning

1H 2024

Okkar hlutverk er að þróa  
tækifæri með langtíma  
verðmætasköpun að leiðarljósi

# 1H 2024

Styrkás kaupir Stólpa og Kraft

---

Samrunaviðræður við Samkaup

---

Skipt á þróunareignum fyrir tekjuberandi fasteignir

---

Gallon í söluferli

---

Vægi erlendra eigna aukið

---

Allt hlutafé í Inno keypt með Axcent of Scandinavia (Åhléns)

---

## Tap tímabilsins

314 m.kr.

49 ma.kr.

Heildareignir

37 ma.kr.

Eigið fé

(426) m.kr.

Afkoma skráðra eigna

4,3 ma.kr.

Handbært fé og  
ríkisskuldabréf

750 m.kr.

Arður til hluthafa

510 m.kr.

Afkoma óskráðra eigna

## Stólpi Gámar

Styrkás kaupir Stólpa samstæðuna og tengdar fasteignir, þriðja stoðin undir Styrkás myndast



Skiptum á þróunareignum og fullbúnum fasteignum fyrir 4,7 ma.kr.

## KALDALÓN

Kaldalón gefur út skuldabréf og hefur endurkaup



SKEL kaupir belgísku verslunarkeðjuna INNO ásamt eiganda sænska verslunarfélagsins Åhléns

1H 2024

2H 2024

Könnunarviðræður hefjast við Samkaup um fýsileika sameiningar



VÍS verður Skagi Íslensk verðbréf bætast við samstæðuna



Viljayfirlýsing undirrituð vegna samruna Samkaupa, Heimkaupa og Orkunnar




Styrkás kaupir allt hlutfé í Krafti ehf. og styrkir enn frekar við svið tækja og vinnuvéla\*



# Eignasafn


Heildareignir  
49.136 m.kr.



# Aukið vægi erlendra fjárfestinga



## „Ein stærsta verslunarkeðja Belgíu“



2023/24Á

Tekjur  
**314** m. EUR

EBITDA  
**9,4** m. EUR

Virði eigin fjár (50%)  
Kaupin fóru í gegn í júlí 2024 og eignin var því ekki á efnahagsreikningi SKEL í lok júní

### Félagið

- INNO er ein stærsta og þekktasta verslunarkeðja (e. department store) Belgíu stofnuð árið 1897
- 16 stórverslanir í eftirsóttum þjónustukjörnum í öllum helstu borgum landsins
- INNO býður vinsæl vörumerki í tískufatnaði, snyrtivörum, leikföngum, húsbúnaði, heimilissvörum, húsgögnum og fleiri vöruflokkum
- INNO er eina verslunarkeðja Belgíu og býður upp á breitt úrval „premium“ og „mainstream“ vörumerkja.
- Starfsmenn eru 1.360

### Fjárfesting


- Seljandi INNO var GALERIA Karstadt Kaufhof (GKK) sem er næst stærsta verslunarkeðja (e. department store group) Evrópu
- GKK varð ógjaldfært í apríl 2020 og hlaut stuðning frá stöðugleikasjóði Þýskalands. Í tengslum við frekari rekstrarvandráði GKK hófst söluférli alls hlutfjár í INNO með aðstoð Clairfield
- Meðfjárfestir SKEL er Axcent of Scandinavia, sem er leitt af Ayad Al-Saffar, sem jafnframt er stærsti hluthafi félagsins
- Ayad Al-Saffar og meðfjárfestar hans eignuðust verslunarkeðjuna Áhléns árið 2022 og hafa snúið rekstri þess félagsins til betri vegar. Áhléns rekur 49 verslanir í Svíþjóð og eru starfsmenn um 3.000 talsins

### Rekstur og framtíðarsýn

- Kaupin á INNO marka upphaf að samstarfi við eigendur Áhléns sem búa að mikilli reynslu í verslunarrekstri og hafa náð eftirtektarverðum árangri með sambærilegar verslanir í Svíþjóð og Evrópu
- Það eru tækifæri til samlegðar milli Inno og Áhléns. Áhléns býður upp á sambærileg vörumerki og INNO auk þess að selja eigin vörumerki.
- Nýir hluthafar INNO eru með vel skilgreindar áætlanir með það fyrir augum að bæta afkomu félagsins umtalsvert
- Á meðal áætlaðra aðgerða er aukið framboð af vörum með lægri verðpunkta, hagræðing í innkaupum og að leggja niður óárðbæra starfsemi
- Rekstur félagsins er á áætlun fyrir árið

# Lykileignir

## „Uppbygging á þjónustufyrirtæki við atvinnulífið“



Samstæða  
2024Á

Framlegð  
**9.435** m.kr.

EBITDA  
**2.699** m.kr.

Virði eigin fjár (63,4%)  
**9.684** m.kr.

Aðferðafræði verðmats  
**Viðskiptaverð**

### Rekstur 1H 2024

M. kr.	Raun	Áætlun
Framlegð og aðrar tekjur	4.592	4.538
Rekstrarkostnaður	(3.317)	(3.378)
EBITDA án IFRS	1.275	1.160


### Fjárfestingar

- Gengið var frá kaupum á Stólpa í apríl og félagið því orðin hluti af samstæðu Styrkáss frá og með áramótum
- Í júlí var undirritaður kaupsamningur um kaup á öllu hlutafé í Krafti ehf. sem er söluaðili MAN, Palfinger og Bucher-Municipal á Íslandi
- Kaupsamningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlits og birgja
- Velta Krafts árið 2023 nam um 2 milljörðum króna og EBITDA án áhrifa IFRS 16 árið 2023 var 180 milljónir króna

### Rekstur og framtíðarsýn

- Rekstur Styrkás gengur vel og útlit fyrir félagið verði í kringum 10% yfir birtri áætlun á árinu 2024
- Rekstrarfélagið hefur tekið á sig mynd og markmiðið nú er að ná fram frekari samlegð
- Vonir standa til að fjárfesting félagsins í umhverfistengdum iðnaði klárast á árinu
- Nýta slagkraft samstæðunnar til sóknar á fyrirtækjamarkaði
- Kynna félagið fyrir viðskiptavinum og markaðsaðilum – skráning í Kauphöll í síðasta lagi 2027

„Þjónusta við ökutæki með einföldum hætti“



Samstæða  
2024Á

Framlegð  
**5.189** m.kr.

EBITDA  
**2.161** m.kr.

Virði eigin fjár (100%)  
**9.652** m.kr.

Aðferðafræði verðmats

Verðmat frá  
þriðja aðila

## Rekstur 1H 2024

M. kr.	Raun	Áætlun
Framlegð og aðrar tekjur	2.508	2.410
Rekstrarkostnaður	(1.554)	(1.488)
EBITDA án IFRS	954	923

## Löður

- Löður hóf að bjóða upp á þvott í áskrift í samstarfi við Parka. Áskriftarmódelið gengur framur vonum og verður frekari sókn eftir því sem netið þéttist
- Ný þvottastöð opnaði á Einhelli í Hfj. í maí en hún er fyrsta þvottastöð landsins sem er hönnuð fyrir trukka og stærri farartæki
- Nýlega opnaði stærri þvottastöð á Vesturlandsvegi. Einnig mun opna í Fells múla, á Akureyri og á Lambhagavegi á næstu misserum
- Leigusamningur við N1 um 8 þvottastöðvar rann út í mars og var þeim stöðvum lokað. Áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir lokun umræddra stöðva

## Orkan

- Heilt yfir gengur rekstur vel og er umfram áætlanir
- Afgreiðslur á þjónustustöðvum aukast um 3% á milli ára og lítrar um 1%
- Orkan ætlar áfram að vera þátttakandi í orkuskiptum með framboð allra helstu orkugjafa
- Hraðhleðslustöðvar eru nú orðnar 8 og munu fleiri opna á næstu misserum
- Markmið að halda áfram að bjóða upp á snjallar lausnir og nýjungar í einföldum rekstri

## „Prís - ný lágvöruverðsverslun opnar“



2024Á

Tekjur  
**12.966** m.kr.

EBITDA  
**195** m.kr.

Virði eigin fjár (81%)  
**3.138** m.kr.

Aðferðafræði verðmats

Verðmat -  
varúðarfært

### Rekstur 1H 2024




M. kr.	Raun	Áætlun
Tekjur	5.517	5.252
Framlegð	1.789	1.942
EBITDA án IFRS	(48)	128

### Lyfjaval

- Söluaukning 10% milli ára fyrstu 6 mánuði ársins og framlegðarhlutfall hækkað
- Nýtt apótek opnaði á Miklubraut í febrúar
- Stefnt er að opna apótek á Selfossi fyrir áramót og verða apótekin þá orðin 8 talsins
- Nætuopnun í Hæðasmára gengur vel og fjöldi heimsóknna aukist um 14% frá sama tímabili í fyrra

### Prís / Heimkaup

- Prís, ný lágvöruverðsverslun opnar í ágúst á Smáratorgi
- Megináhersla Prís verður að vera með lægsta verðið á markaðnum
- Kostnaður við opnun Prís er um 400 m.kr.
- Annar verslunarrekstur er undir áætlunum, bæði í tekjum og EBITDA



## „Innviðafélag á orkumarkaði“



### Rekstur 1H 2024

<i>M. kr.</i>	Raun	Áætlun
Tekjur	264	255
Rekstrarkostnaður	(163)	(162)
EBITDA án IFRS	100	93

### Rekstur

- Rekstur er á áætlun
- Nýting á tönkum í dag um 30-50% og því tækifæri til að auka nýtingu sér í lagi ef markaðsaðstæður breytast í contango
- Virði eigin fjár hækkar um 64 m.kr frá áramótum

### Söluferli

- Nokkrir aðilar hafa sýnt áhuga á að kaupa félagið
- Viðræður á frumstigi við einn aðila um kaup á 80% hlutafjár
- Niðurstaða viðræðna verður háð niðurstöðum áreiðanleikakannanna og öðrum hefðbundnum fyrirvörum
- Gerð verður nánari grein fyrir framgangi málsins eftir því sem tilefni er til

2024Á

Tekjur  
**580** m.kr.

EBITDA  
**285** m.kr.

Virði eigin fjár  
**2.903** m.kr.

Aðferðafræði verðmats

Verðmat frá þriðja aðila





8,23% virði 2.339 m.kr.

„Uppgjör fyrsta ársfjórðungs hjá samstæðunni er heilt yfir gott. Fjármála- og tryggingastarfsemi skiluðu afkomu umfram áætlanir og árið fer því vel af stað.

Eftir viðsnúning í tryggingarekstrinum á síðasta ári sjáum við áframhaldandi jákvæða þróun inn í 2024 með góðum iðgjaldavexti og lækkandi kostnaði.

Það er því góður gangur í tryggingastarfseminni með tæplega 10% tekjuvöxt á milli ára og ánægjulegt er að sjá metaukningu í sölu á líf- og sjúkdómatryggingum annan ársfjórðunginn í röð.

Ávöxtun á eignasafni VÍS var 2,2%, sem er umfram viðmið. Tekjur af fjármálastarfsemi voru umfram áætlanir okkar sem er jákvætt í því árferði sem ríkir nú.

Við sögðum nýlega frá því að Íslensk verðbréf muni bæstast í hóp öflugra fyrirtækja í samstæðunni, að fengnu samþykki eftirlitsaðila, sem er í takt við yfirlýsta stefnu okkar um ytri vöxt á fjármálamarkaði.

Við erum með skýra framtíðarsýn og erum í lykilstöðu til að vera virkur þátttakandi í frekari þróun á fjármálastarfsemi hér á landi.“

*[Úr fréttatilkynningu fyrir 1 ársfjórðung 2024](#)*



15,28% virði 2.840 m.kr.

Kaldalón hf. lauk í febrúar útbóði á nýjum skuldabréfaflokk KALD 150234 sem gefinn er út undir kr. 30.000.000.000 útgáfuramma félagsins. Seld voru skuldabréf að nafnvirði 3.140.000.000 kr. á ávöxtunarkröfunni 4,00%. Afrakstri skuldabréfaútbóðsins verður varið til fjárfestinga og endurfjármögnun skulda félagsins.

*<https://kaldalon.is/nidurstada-skuldabrefautbods-6-februar-2024/>*

Kaldalón hf. hefur lokið sölu á óveðtryggðum sex mánaða víxlum í flokki KALD 24 1202. Tilboð bárust fyrir 1.580 milljónir kr. með flötum vöxtum á bilinu 10,15%-10,70% p.a. Seldir voru víxlar að nafnvirði 1.000 milljónir.kr. á 10,29% vöxtum.

*<https://kaldalon.is/utgafa-a-vixlum-nidurstada-utbods-3/>*

Hluthafafundur Kaldalóns hf. var haldinn 2. júlí 2024. Á fundinum var samþykkt að heimila stjórn félagsins að kaupa hlutabréf í félaginu þannig að félagið, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, eigi allt að 10% af hlutafé þess, þ.e. að hámarki kr. 1.119.568.483 eða 111.956.848 hluti

*<https://kaldalon.is/kaldalon-hf-tilkynning-um-framkvaemd-endurkaupaaetlunar/>*



# Skipti á þróunareignum fyrir tekjuberandi fasteignir

## 55 íbúðir afhentar í lok árs 2023

Bókfært virði 31.12.2023	4.968
Hækkun á vísitölu íbúðaverðs 1.1.-30.6.2024	6,2%
Hækkun verðmats 55 íbúða í Stefnisvogi	309
	<b>5.277</b> m.kr.

## Kaupsamningur – 50 íbúðir afhentar í lok árs 2024

Reiðufé	683
Framsal á Reir þróun	728
Lántaka	3.293
	<b>4.704</b> m.kr.

55 íbúðir  
5.905 fm.  
894 þús.kr. á fm  
NOI 200 m.kr. (4%)

50 íbúðir  
5.534 fm.  
850 þús.kr. á fm.

## Samantekt

- Vildum einfalda eignasafnið og sjáum að íbúðapörf er ekki mætt á markaði í dag
- SKEL keypti 55 íbúðir sem voru afhentar í árslok 2023. Allar keyptar íbúðir voru leigðar út og nema leigutekjur að frádregnum gjöldum og kostnaði (NOI) 200 m.kr. á ári sem samsvarar um 4% af kaupverði
- Verðmæti íbúðanna var uppreiknað miðað við breytingu á vísitölu íbúðaverðs frá 1.1. – 30.6.2024
- Keyptar voru 50 íbúðir til viðbótar sem verða afhentar í lok árs 2024
- Samtals nemur frestaður söluhagnaður SKEL um 9,5 milljörðum króna vegna seldra fasteigna á árunum 2021-2022
- Af þeim sökum er SKEL með tekjuskattskuldbindingu að fjárhæð 1.786 m.kr.
- Frestaður skattur vegna söluhagnaðar kemur til greiðslu ef ekki er endurfjárfest í sambærilegum eignum á árunum 2023 og 2024
- Endurfjárfestingapörf árána 2023 og 2024 hefur verið mætt með þessum kaupum
- Þegar tillit er tekið til skattalegs hagræðis þá er arðsemi eigin fjár af fjárfestingunni áætluð um 18% á föstu verðlagi

# Vísis fjárfestingar (e. venture capital)

## Focal pay

Verslunar- og greiðslulausn, Svíþjóð

Fjárfesting 235 m.kr.

<https://focalpay.se/>

---

## Baridi

Námuleyfi, Tansanía

Fjárfesting 318 m.kr.

<https://baridigroup.com/>

---

## Zen Educate

Betri aðgangur að ráðningum kennara, Bretland

Fjárfesting 104 m.kr.

<https://www.zeneducate.com/>

---

## First water

Landeldi, Ísland

Fjárfesting 225 m.kr.

<https://www.firstwater.is/>

---

## Fuel Active

Lausn sem skilar hreinna eldsneyti, Bretland

Fjárfesting 43 m.kr.

<https://fuelactive.com/>

---

## Geosalmo

Landeldi, Ísland

Fjárfesting 150 m.kr.

<https://www.geosalmo.com/>

---



# Fjárhagsupplýsingar

# Efnahagsreikningur

# SKEL

Efnahagur 30.6.2024

M.kr.	30.6.24	31.12.23
Handbært fé	3.203	3.139
Ríkisskuldabréf	1.060	2.524
Skráð verðbréf	8.844	9.396
Fjárfestafasteignir á gangvirði	6.382	6.107
Aðrar fjáreignir á gangvirði	27.585	27.138
Aðrar eignir	1.813	1.442
<b>Eignir samtals</b>	<b>49.136</b>	<b>49.745</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>36.602</b>	<b>37.610</b>
Skuldir vegna fasteigna	3.929	3.674
Aðrar skuldir við lánastofnanir	5.169	4.768
Tekjuskattsskuldbinding	1.786	1.892
Aðrar skuldir	1.650	1.949
<b>Skuldir samtals</b>	<b>12.534</b>	<b>12.135</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>49.136</b>	<b>49.745</b>

Eignir m.kr

Eigið fé á hlut

# 19,5 kr.

	6.382	4.271	
	Tekjuberandi fasteignir	Lán, kröfur og aðrar eignir	
9.684			
Styrkás			
	4.263	3.138	2.903
	Handbært fé og Ríkisskuldabréf	Heimkaup, Lyfjaval	Gallon
9.652	3.666	2.840	2.339
Orkan, Löður, Fasteignir	Aðrar skráðar eignir	Kaldalón	Skagi

# Yfirlit eigna

## Handbært fé og skráðar eignir

Handbært fé og ríkisskuldabréf	4.263
Kaldalón	2.840
Skagi	2.339
Aðrar skráðar eignir	3.666
	<b>13.107</b> m.kr.

## Byggt á nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila


Styrkás	9.684
Eignarhaldsfélagið Bjarmi	650
	<b>10.334</b> m.kr.

## Tekjuberandi fasteignir

6.382 m.kr.

## Byggt á verðmati

Orkan	9.652
Heimkaup	3.138
Gallon	2.903
Lán, kröfur og aðrar eignir	3.621
	<b>19.314</b> m.kr.



# Rekstur 1H 2024

Rekstrarreikningur 1.1. - 30.6.24

M.kr.	1H 2024	1H 2023
Gangvirðisbreyting fjáreigna og arður	84	2.232
Vaxtatekjur (-gjöld)	( 213)	120
Rekstrartekjur fjárf.fasteigna	121	23
Rekstrargjöld fjárf.fasteigna	(18)	(4)
<b>Afkoma af fjárfestingum</b>	<b>(26)</b>	<b>2.371</b>
Aðrar tekjur	38	50
Laun og launatengd gjöld	( 295)	( 266)
Annar rekstrarkostnaður	( 137)	( 138)
<b>Rekstrargjöld og aðrar tekjur</b>	<b>( 394)</b>	<b>( 354)</b>
<b>Tap fyrir skatta</b>	<b>( 420)</b>	<b>2.017</b>
Tekjuskattur	106	43
<b>Tap tímabilsins</b>	<b>( 314)</b>	<b>2.060</b>

Tap 1H 2024

314 m.kr.

510 m.kr.

Afkoma óskráðra eigna

(426) m.kr.

Afkoma skráðra verðbréfa

Yfirlit gangvirðisbreytinga	1H
Orkan	479
Gallon	64
Heimkaup	(794)
Annað óskráð	361
<b>Samtals óskráð</b>	<b>110</b>
Kaldalón	(160)
Skagi	(342)
Annað skráð	(105)
<b>Samtals skráð</b>	<b>(607)</b>
<b>Samtals</b>	<b>(496)</b>
Arðgreiðslur	<b>581</b>

84 m.kr.

Samtals gangvirðisbreytingar  
fjáreigna og arður

## Forsendur gangvirðisbreytinga

### Orkan - Löður

Rekstur Orkunnar það sem af er ári hefur verið yfir áætlunum félagsins. EBITDA á fyrri árshelmingi var 954 m.kr. sem er rúmlega 3% yfir áætlunum. Afgreiðslum fjölgaði um 3% á milli ára og seldum lítrum fjölgaði um 1%. Útlit fyrir seinni helming ársins er gott.

Rekstur Löðurs hefur verið nokkuð undir áætlunum stjórnenda það sem af er ári sem skýrist m.a. af töfum við uppsetningu á nýjum stöðvum, t.d. á Vesturlandsvegi sem hefur nú opnað. Áskriftarmódel hefur gengið vel og er að skila félaginu góðum tekjum. EBITDA ársins verður undir áætlunum í ljósi rekstrarniðurstöðu 1H 2024 en fjárfesting í nýjum stöðvum mun skila sér til framtíðar.

### Styrkás

Félög Styrkáss ganga vel og var EBITDA umfram áætlanir á árinu. Áfram er gert ráð fyrir heilbrigðum vexti. Í lok tímabils átti móðurfélagið um 2,3 milljarða í handbæru fé. Bókfært verð miðast við verð á Styrkási í viðskiptum með Stólpa.

### Gallon

Rekstur Gallons það sem af er ári hefur verið í takt við áætlanir félagsins. Meginástæða hækkunar á verðmati er há jákvæð staða veltufjármuna.

### Heimkaup - Lyfjaval

Rekstur Lyfjaval er nokkuð undir áætlunum stjórnenda það sem af er ári. Tekjur eru um 4% undir áætlun sem ásamt launakostnaði umfram áætlanir veldur því að EBITDA er undir áætlunum félagsins það sem af er ári.

Heildartekjur Heimkaupa eru í takt við áætlanir það sem af er ári en framlegð og afkoma nokkuð undir. Ákveðið var að færa varúðarfærslu upp á tæplega 800 m.kr. á virði eiginfjár SKEL í félaginu.



# Framundan

Niðurstaða í viðræðum  
við Samkaup

---

Rekstraraðgerðir hjá  
verslunum INNO

---

Frekari vöxtur Styrkás  
í ferli og áform um  
skráningu 2027

---

Frágangur á kaupum á  
50 íbúðum í Stefnisvogi  
fyrir áramót

---

Söluferli Gallon

---


SKEL



# Viðauki

# Orkan samstæða- verðmat

Orkan - Löður



Virði eiginfjár samstæðu Orkunnar (100%)

9.652 m.kr.

479 m.kr.


Gangvirðisbreyting

300 m.kr.

Arðgreiðsla

# Heimkaup samstæða - verðmat

Lyfjaval - Heimkaup




Virði eignarhluta SKEL í samstæðu Heimkaupa (81%)

3.138 m.kr.

(794) m.kr.  
Gangvirðisbreyting

\*Mat stjórnenda að færa niður EV vegna taps á rekstri Heimkaupa



Virði eiginfjár Gallon (100%)

# 2.903

m.kr.

64 m.kr.

Gangvirðisbreyting

100 m.kr.

Arðgreiðsla

## FOCALPAY

### Fjárfesting 235 m.kr.

- Focalpay er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í verslunar (e. retail) og greiðslukerfi sem hefur verið smíðað frá grunni með nútímaþarfir og -tækni í huga
- Focalpay er hannað sem SaaS lausn (software as a service). Einkenni slíkra lausna er að framleiðandinn selur áskrift að kerfinu frekar heldur en að selja notendum kerfið sjálft eins og tíðkast með hefðbundin kerfi
- Sérstök áhersla hefur verið lögð á að veita verslunareigendum frelsi þegar kemur að vali á vélbúnaði (e. hardware) og þjónustu tengdum rekstri sem og að auka öryggi upplýsingakerfa
- Starfsmenn Focalpay, sem er með skrifstofur í Stokkhólmi, eru 20 talsins. Framkvæmdastjóri og einn stofnenda Focalpay er Birkir Veigarsson sem hefur búið í Svíþjóð undanfarin tíu ár
- Félagið þjónustar í dag yfir 500 búðir. Viðskiptavinir eru m.a. Systembolaget, Reitan og Matrebellerna
- Framtíðarsýn er að halda áfram að sækja inn á fleiri markaði í Evrópu
- SKEL hefur keypt hluti fyrir 17,5 m SEK og á tæplega 10% í félaginu




### Fjárfesting 104 m.kr.

- Zen Educate býður upp á lausn á netinu sem uppfyllir bæði skammtíma- og langtíma starfsmannaþarfir skóla í Bretlandi
- Félagið starfar með yfir 1000 skólum í London, Manchester, Birmingham, Bristol og Leeds
- Markmið félagsins er að breyta ráðningarferlum í menntakerfinu. Með því að skrá sig á heimasíðu Zen Educate hafa skólar aðgang að þúsundum kennara og stuðningsstarfsmanna sem þau geta bókað með því að smella á einn hnapp
- Kennarar fá hærra laun og störf sem henta þeim betur á sama tíma og skólar greiða minna fyrir ráðninguna en í gegnum ráðningarskrifstofur
- Félagið var stofnað árið 2017 af Slava Kremerman og Oren Cohen sem eru stjórnendur félagsins enn í dag
- SKEL fjárfesti fyrir 104 m.kr. í félaginu í maí 2024

# Vísis fjárfestingar

SKEL

## „Uppbygging auðlindanýtingar í Tansaníu“



Rannsóknarleyfi

47

Eignarhlutur SKEL

33%

Fjárfesting

318 m.kr.

Frekari upplýsingar

<https://baridigroup.com>

<https://baridifuturefoundation.com/>

### Félagið

- Baridi Group er tansanískt félag stofnað 2022 af Kristni Má Gunnarssyni sem er forstjóri félagsins
- Kristinn bjó í Tansaníu sem unglingur og þekkir því vel til landsins
- Í dag starfa 25 hjá félaginu, þar af 24 tansanískir ríkisborgarar
- Félagið leggur mikið upp úr því að skapa gott starfsumhverfi og hafa jákvæð áhrif á tansanískt samfélag og hefur m.a. í gegnum Baridi Future Foundation byggt skóla á æskulóðum Kristins
- Árið 2023 hlaut félagið viðurkenningu frá Konrad Adenaer Stiftung og þýska verslunarráðinu sem leiðandi námufélag í Austur Afríku. Þá hefur félagið sömuleiðis hlotið verðlaun frá East African Community fyrir framlag sitt til iðnaðarins og samfélagsins

### Fjárfesting

- Fyrr á árinu fjárfesti SKEL í 33% hlut í Baridi Iceland ehf.
- Aðstæður til námuvinnslu eru hagfelldar, efni liggja nálægt yfirborði og gæðin eru góð
- Baridi Group Ltd. á 47 rannsóknarleyfi víðs vegar um Tansaníu; 12 lithíum, 7 kopar, 9 graffit, 11 nikkell, 8 gull
- Orkuskipti hafa valdið aukinni eftirspurn eftir málmum eins lithíum, nikkell og graffit
- Breytt landslag í alþjóðastjórnámálum
- Breytt lagaumhverfi sem auðveldar erlenda fjárfestingu hefur leitt til þess að Tansanía getur orðið lykilaðili í alþjóðlegum námuviðnaði. Framundan er mikil erlend fjárfesting og uppbygging innviða

### Rekstur og framtíðarsýn

- Félagið er í dag rekið með hagnaði upp á \$360.000 á fyrri helmingi 2024 og er með jákvætt sjóðstreymi að fjárhæð \$400.000, félagið er skuldlaust
- Til skoðunar að koma eignarhaldinu á Baridi Iceland í fagfjárfestasjóð í rekstri íslensks sjóðstýringaraðila
- Framundan er að sækja 10 m. USD í nýtt hlutafé til að fjármagna fyrstu koparvinnsluna sem yrði tekin í notkun á 3F 2025. Áhugi á að sækja hlutafé hérlendis
- Koma á fót gullvinnslu fyrir 4F 2026
- Opna aðra koparvinnslu fyrir lok árs 2028



## First Water

Fjárfesting 225 m.kr.


- First Water vinnur að uppbyggingu umhverfisvæns og sjálfbærs laxeldis á Íslandi
- Félagið starfrækir seiðaeldisstöð við Hveragerði og áframeldisstöð við Þorlákshöfn
- Félagið hefur lokið umhverfismati og hefur öðlast öll leyfi til að ala árlega um 8 þúsund tonn af laxi, en markmið félagsins er að framleiðslugeta félagsins verði á endanum um 50 þúsund tonn á ári
- Standandi lífmassi er spáð að verði kominn í 1.394 tonn í árslok 2024
- Áætlað er að slátra 2.033 tonnum HOG á árinu
- Stefna að því að skrá félagið á aðalmarkað Kauphallarinnar árið 2026
- SKEL fjárfesti í félaginu fyrir 225 milljónir króna á árinu 2023

## GeoSalmo


Fjárfesting 150 m.kr.

- GeoSalmo hefur hafið uppbyggingu á landeldisstöð vestan Þorlákshafnar sem mun geta framleitt allt að 24.000 tonn árlega
- Upphafsfangi verkefnisins mun framleiða um það bil 7.500 tonn
- Gert er ráð fyrir að fyrstu vörurnar komi á markað árið 2027
- Fyrirtækið leggur áherslu á ábyrga nýtingu auðlinda, sjálfbærni og hringrásar hagkerfi
- Félagið hefur tryggt sér nægjanlega raforku fyrir uppbyggingu á starfsemi
- Skipulagsstofnun, hefur sent frá sér álit til staðfestingar á umhverfismatsskýrslu fyrirtækisins. Álit stofnunarinnar staðfestir fyrirhugaðar aðgerðir GeoSalmo í þeim eignum
- Félagið er að sækja sér fjármagn til að standa undir fyrsta áfanga framkvæmda

Greiðslur til hluthafa í m.kr.




Hluthafar 30.6.2024



## 10 stærstu hluthafar 30.6.2024

Strengur hf.	51,6%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	8,9%
Birta lífeyrissjóður	7,8%
TCA ECDF III Holding S.á.r.l.	5,2%
NO.9 Investments Limited	3,1%
Eftirlaunasjóður FÍA	1,3%
Íslandsbanki hf.	1,1%
Hofgarðar ehf.	1,1%
Vátryggingafélag Íslands hf.	1,1%
Landsbréf - Úrvalsbréf hs.	0,8%

## Eigið fé og markaðsvirði frá skráningu m.kr.



# Fyrirvari


SKEL fjárfestingafélag vekur athygli á því að kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingargjafar og skal móttaka hennar ekki vera talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf. Þá má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka kynninguna sem loforð um árangur í rekstri félagsins eða um ávöxtun fjármuna.

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar þessi kynning er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupáttu sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, fjárhagslega áhættu, olíuverðsáhættu og aukna samkeppni.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.



SKEL

FJÁRFESTINGAFÉLAG